



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 561

Haukur Ragnarsson

(1929-2006)

og

Ásdís Alexandersdóttir

(1931-)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 561

Haukur Ragnarsson
(1929-2006)
og
Ásdís Alexandersdóttir
(1931-)

Formáli

Haukur Ragnarsson fæddist í Reykjavík 3. október 1929. Foreldrar hans voru þau Ragnar Ásgeirsson, ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í Reykjavík, 1895-1973 og Grethe Harne Ásgeirsson húsfreyja í Reykjavík, 1895-1971. Systkini Hauks eru Eva 1922-), Úlfur 1923- og Sigrún 1924-2002.

Fyrri kona Hauks var Gro Aslaug Sjöveit (1926-) og eru börn þeirra Brynjulv (1954-) og Anna Kristín (1959-).

Seinni kona Hauks var Ásdís Alexandersdóttir (1931-), þau voru barnlaus. Foreldrar Ásdísar voru þau Alexander McAthur Guðmundsson (1904-1971) mjólkurfræðingur og Margrét Aðalheiður Friðriksdóttir (1906-1974). Bræður Ásdísar voru Friðrik (1933-1995) og Markús (1934-).

Haukur stundaði verknám í skógrækt í Noregi 1949. Nám við Statens Praktiske Skogskole í Osen í Noregi 1950 og við Statens Skogskole í Steinkjer 1951. Kandidatspróf frá skógræktardeild Norges Landbrukshøgskole í Ási í Noregi 1956. Hann var starfsmaður Vestlandets forstlige forsøksstasjon í Björgvin í Noregi 1956-1957.

Tilraunastjóri hjá Skógrækt ríkisins frá 1957. Forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins frá stofnun hennar 1967 til vors 1978. Skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum frá 1978.

Hann var í hreppsnefnd Kjalarneshrepps 1970-1974, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga 1965-6 og tók að sér ýmis trúnaðarstörf fyrir samtök hestamanna. Auk þess ritaði Haukur ýmsar ritgerðir um skógrækt, flestar í Ársriti Skógræktarfélags Íslands.

(Heimildir: Morgunblaðið 7. september 2006 og Æviskrár MA-stúdenta, bls. 259, ritstjóri Gunnlaugur Haraldsson, Steinholt bókaforlag, 1988)

Afhending: Ragnar Önundarson 1. apríl 2015.

Innihald: Bréf, fundargerðir, kvæði, blaðaúrklippur, ráðningasamningur hjónavíglsuvottorð, skuldabréf, ýmsir pappírar varðandi fasteigna- og jarðakaup, skilnaðargögn, uppgjör á dánarbúum o.fl.

Tími: 1892-1977

Skjalaskrá

Málasafn Hauks Ragnarssonar

Örk 1

Málasafn 1944-1977

Bréf til foreldra frá Hauki Ragnarssyni, 1944-1957.

Bréfasamskipti milli Hauks Ragnarssonar og A. Hansen vegna föður Hauks, Ragnars Ásgeirssonar, 1973.

Skipunarbréf, Landbúnaðarráðuneytið, 1959 og 1977.

Góðir fundarmenn, ræða, án árs.

Ingólfur Guðmundsson frá Ferjubakka (f. 1899, d. 1985), minning.

Leikmannspankar um fiskveiðistjórn, Haukur Ragnarsson, án árs.

Stækki þorskstofninn þarf að draga úr loðnuveiðum, Haukur Ragnarsson, án árs.

Kristniboð á Íslandi, ritgerð, án árs.

Bréf, fundargerð, reglur, kvæði, blaðaúrklippur o.fl.

Málasafn Ásdísar Alexandersdóttur og fjölskyldu

Örk 2

Málasafn 1892- 1977

Dalum landbrugsskole, útskriftarskirteini, Alexander Arthur Guðmundsson, 1930.

Ráðningasamningur, Alexander Guðmundsson, 1939.

Bréf, meðmæli, vitninsburður, Alexander Guðmundsson, o.fl. 1928-1929.

Bréf frá Gunnari Jónssyni, 1989.

Borgarabréf handa Guðmundi Benjamínssyni til að mega reka verslun í Reykjavíkurborg, 1915.

Tilkynning til firmaskrár Reykjavíkur, 1959.

Hjónavígslubréf, Alexander Guðmundsson og Margrét Friðriksdóttir, 1932.

Landamerki fyrir Hvalseyjum í Hraunhreppi, 1923.

Afsalsbréf á hálfri jörð Hvalseyjar, án árs.

Útskrift úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, fyrir jörðina Litla- Kálfalæk, 1923.

Kreppulánasjóður, skuldabréf, Kristján Guðmundsson, Litla- Kálfalæk, 1934.

Afsal á Litla- Kálfalæk, 1938.

Afsal á Litla- Kálfalæk, 1945.

Veðskuldabréf, Alexander Guðmundsson, 1943.

Kvittun fyrir afborgun, 1944.

Skuldabréf, Búnaðabanki Íslands, Alexander Guðmundsson, 1944

Yfirlýsingar er varða lán úr Thokillisjóði, 1892- 1905, kvittun, 1954.

Búnaðarfélag Íslands, félagsskirteini, Alexander Guðmundsson, 1942.

Fasteignaviðskipti, kaupsamningar, yfirlýsingar o.fl. 1941-1960.

Samningur milli Friðriks Alexanderssonar og Ástríðar Hauksdóttur, 1956.

Skilnaðarmál milli Alexanders Guðmundssonar og Margrétar Aðalheiðar Friðriksdóttur, 1969-1975.

Skiptagerð, skipti á dánarbúi Alexanders Guðmundssonar, 1971.

Skiptagerð, skipti á dánarbúi Margrétar Aðalheiðar Friðriksdóttur, 1975.

Bréf, kaupsamningar, leigusamningar o.fl. 1966-1977.

Málasafn 1944-1993

Málþing, tímarit handa jafnarðarmönnum um þjóðfélags- og menningarmál, 1/80 og 2/80, 1980.

Óðurinn til ársins 1944, Eggert Stefánsson, flutt í Ríkisútvarpinu á nýársdag 1944.

Skjöldur, tímarit um menningarmál, 1996.

Forðagæzlan og fóðurbrigðafélögin haustið 1959 eftir Pál Zophoníasson, sérprentun úr búnaðarriti, 1959-1960.

Úr fórum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar, sýning að Kjarvalsstöðum á útmánuðum 1981, bæklingur.

Studies on the draught force of horses eftir Gustaf Björck, 1958.

Niðjatal Ástu Ásgeirsdóttur og Hjalta Gunnarssonar, 1993.

Hljóðólfur, sérútgáfa Þjóðólfs 25. apríl 1850, 1992.

Búnaðarbálkur, Eggert Ólafsson, 1968.

Carmina VI. bekkur M.A., 1949.